



Félag löggiltra
endurskoðenda

Reykjavík, 16. febrúar 2026

Atvinnuvegaráðuneytið

Málsheiti og númer: **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006 (stærðarhlutföll, endurskoðunarmörk, skilafrestir o.fl.). – Mál nr. S-24/2026**

Álitsnefnd Félags löggiltra endurskoðanda (álitsnefnd) hefur tekið frumvarpsdrögin til skoðunar og vill koma eftirfarandi á framfæri.

Almennt um stærðarmörk félaga og endurskoðunarskyldu

Álitsnefnd telur mikilvægt að gengið sér úr skugga um það hvort önnur lagaákvæði kunni að vera tengd stærðarmörkunum, hvort heldur sem er í lögum um ársreikninga eða öðrum lögum, þ.e. að áhrif breytinga á stærðarmörkum á önnur lagaákvæði séu skoðuð til hlítar og breytingar gerðar á þeim eftir því sem við á. Sama gildir um breytingar á skilafrestum ársreikninga og endurskoðunarskyldu.

Að mati álitsnefndar er afar brýnt að um leið og breytingar verði gerðar á stærðarmörkum félaga og endurskoðunarmörkum sé orðalag 11. tölul. 2. gr., sem fjallar um breytingu á stærðarflokkun félags og 1 .mgr. 98. gr., sem fjallar um endurskoðunarskyldu, lagað.

Mikil óvissa og skiptar skoðanir eru um það hvort ný stærðarflokkun eigi við um það reikningsár sem félag fer yfir eða undir viðmiðunarmörk í annað sinn eða hvort ný stærðarflokkun eigi við frá og með þriðja ári. Sama gildir um það hvenær endurskoðunarskylda myndast, þ.e. hvort hún myndist fyrir það ár sem félag fer í annað sinn yfir mörk endurskoðunarskyldu eða frá og með þriðja ári. Í 11. tölul. 2. gr. segir að flokkun félaga skuli ekki breytast nema félag fari annaðhvort yfir eða undir viðmiðunarmörk *viðkomandi og síðastliðins reikningsárs* en í núgildandi 98. gr. segir að félag sé undanþegið endurskoðunarskyldu sé það undir tilgreindum stærðarmörkum *tvö næstliðin reikningsár* sem í frumvarpsdrögunum er lagt til að breytt verði í *viðkomandi og síðastliðins reikningsár*.

Það er mat álitsnefndar að samkvæmt núverandi orðalagi færist félag í nýjan stærðarflokk frá og með þriðja ári enda byggja viðmiðin, auk viðmiðs um ársverk, á veltu ársins og eignum í árslok. Sama á við um endurskoðunarskyldu. Það er í mörgum tilvikum óljóst hvort félag, sem farið hefur yfir (eða undir) mörk á tilteknu ári, muni gera það aftur á næsta ári. Þetta á t.a.m. við um félög sem selja vörur í erlendri mynt og félög þar sem efnahagsliðir svo sem birgðastaða í árslok (t.d. lífmassi hjá fiskeldisfyrirtæki) geta verið mjög breytilegir milli ára. Ef túlka ætti það sem svo að fara skuli að reglum fyrir stærri eða minni flokk strax á ári tvö hefði það í för með sér verulega íþyngjandi byrði fyrir þau félög sem þannig færðust upp um stærðarflokk og þar á meðal virkjuðust ákvæði sem ómögulegt er að beita

við eða eftir lok árs en er samt sem áður refsivert að hlíta ekki. Sem dæmi má nefna að þegar félag verður að einingu tengdri almannahagsmunum (ETA), þegar það fellur í flokk stórra félaga, þarf það að skipa endurskoðunarnefnd sem augljóslega er ekki hægt að skipa aftur í tímann en væri þó skylt ef félag flokkast sem stórt á uppgjörsteggi og sú flokkun ætti að gilda fyrir allt nýliðið ár. Þá þyrfti að skoða hvort endurskoðandi félagsins hafi mögulega veitt því þjónustu sem óheimilt er að veita ETA félögum samhliða endurskoðun skv. reglugerð 537/2014 sem jafnvel gæti þýtt að skipa þyrfti um endurskoðunarfélag eftir lok reikningsárs með tilheyrandi erfiðleikum við endurskoðunina og ærnum tilkostnaði. Loks má nefna að með grein 66.d eru lagðar skyldur á ETA félög og stór félög að veita ófjárhagslegar upplýsingar sem kallar á að félög hafi komið sér upp kerfum til að halda utan um slíkar upplýsingar allt árið sem upplýsingarnar eiga að ná til. Það er því mikilvægt að niðurstaða um, hvort félag færir á milli flokka, liggi fyrir í upphafi árs og félög geti þannig tryggt fylgni við þær viðbótarkröfur sem kunna að koma til við færslu milli stærðarflokka.

Álitsnefnd bendir á að brýna nauðsyn ber til að þessi ákvæði verði skýrð til hlítar og raunveruleg ætlan löggjafans komi skýrt fram.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að orðalag 1. mgr. 98. gr. verði breytt á þann veg að orðanotkun verði samræmd orðanotkun 11. tölul. 2. gr., þ.e. að í stað orðanna „*tvö næstliðin reikningsár*“ komi „*viðkomandi og síðastliðið reikningsár*“. Að mati álitsnefndar er þessi breyting alls ekki til þess fallin að leysa úr því álitamáli sem að framan greinir um það hvenær félag færir milli flokka eða hvenær félag verður endurskoðunarskyldt. Orðalag bæði 11. tölul. 2. gr. og núgildandi 1. mgr. 98. gr. er óskýrt sem fyrr segir og það leysir ekki vandamálið að færa orðalag í annarri greininni til samræmis við orðalag hinnar greinarinnar.

Eins og fyrr greinir telur álitsnefnd að samkvæmt núgildandi orðalagi fyrrnefndra laga færir félag í nýjan flokk hafi það farið yfir eða undir tiltekin stærðarmörk tvö ár í röð og því gildi nýja flokkunin frá og með þriðja ári. Að mati álitsnefndar gildir það sama um endurskoðunarskylduna. Sé túlkun löggjafans sú að ný stærðarmörk og endurskoðunarskylda gildi strax á öðru ári en ekki frá og með því þriðja ætti einfaldlega að segja það berum orðum í lögunum og er þá um leið vandséð hvaða tilgangi það hefur þjónað hingað til að í fyrrnefndum lagagreinum sé vísað til tveggja reikningsára með orðalaginu „*tvö næstliðin*“ og „*viðkomandi og síðastliðið*“.

Það er mat álitsnefndar að það væri íþyngjandi fyrir félög ef ekki verður ljóst fyrr en við eða eftir lok reikningsárs, að endurskoðunarskylda hafi myndast vegna þess árs. Ef kjósa þarf endurskoðanda eftir að reikningsári lýkur getur það valdið verulegum erfiðleikum við endurskoðunina og jafnvel leitt til frávika í áritun endurskoðenda.

Samkvæmt frumvarpsdrögunum er ætlunin að bæta 7. mgr. við 98. gr. um að undanþágur frá endurskoðunarskyldu í 1. mgr. eigi ekki við nemi eignir félags a.m.k. 1.500 millj. kr. á uppgjörsteggi. Nærtækasta túlkunin á þessu orðalagi er að félag sem hefur verið undir fyrrgreindum eignarmörkum en fer yfir þau í fyrsta sinn á tilteknu ári verði endurskoðunarskyldt fyrir það sama ár, enda er hér hvorki vísað til „*tveggja næstliðinna ára*“ né „*viðkomandi og síðastliðins*“. Þetta gæti þýtt að félag sem hefur verið undir mörkum getur fyrirvaralaust orðið endurskoðunarskyldt, t.d. við það eitt að fara í hlutafjárukningu rétt fyrir lok reikningsárs. Að mati álitsnefndar þarf því að laga orðalag til samræmis við önnur viðmið um fjölda ára áður en endurskoðunarskylda myndast.

Stærðarmörk örfélaga sem mega nýta sér hnappinn og upplýsingagjöf í hnappsreikningum

Í frumvarpsdrögunum kemur fram að viðmið fyrir örfélög um tekjur verði hækkað úr 40 millj. kr. í 100 millj. kr. og að viðmið um eignir verði hækkað úr 20 millj. kr. í 50 millj. kr. Að mati álitsnefndar væri það æskilegt að þessi hækkun tæki gildi fyrir ársreikninga ársins 2025, jafnvel þó önnur ákvæði laganna kæmu eftir atvikum ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 2027, þ.e. vegna ársreikninga ársins 2026. Það væri til þess að léttu álagi strax en það er eitt að íþyngjandi ákvæði, svo sem stytting á skilafresti stærri félaga, taki gildi síðar en annað að ákvæði sem m.a. er ætlað að léttu vinnuálag taki gildi fyrr. Þetta er ekki síst mikilvægt vegna þess að ríkisskattstjóri hefur ákveðið að stytta skilafrest þeirra örfélaga sem nýta sér „hnappinn“. Undanfarin ár hefur skilafrestur þeirra verið til 30. september en hefur nú verið stytur 21. september sbr. bréf frá ríkisskattstjóra dags. 2. febrúar síðastliðinn. Skal í þessu sambandi minnt á að lengri skilafrestur gildir samkvæmt núgildandi lögum aðeins fyrir þau örfélög sem nýta sér „hnappinn“ en ekki fyrir þau sem gera ársreikning.

Í þessu sambandi skal jafnframt bent á að í 2. gr. frumvarpsins, þar sem segir að við 8. mgr. 3. gr. um það hvenær örfélagi er ekki heimilt að nýta sér „hnappinn“ bætist: „félög sem við uppgjörssdag hafa heildareignir umfram 200.000.000 kr.“. Í greininni er ekkert minnst á tvö ár í röð. Í umfjöllun um greinina segir hins vegar í frumvarpsdrögunum að heimild þessara félaga til að nota „hnappinn“ falli niður ef félagið fer yfir 200 millj. kr. viðmiðunarmörkin *viðkomandi og síðastliðið reikningsár*. Nái þessi lagabreyting fram að ganga væri æskilegt að í greininni sjálfri kæmi fram að heimildin félli niður fari félagið yfir mörk tvö ár í röð enda er núverandi orðalag greinarinnar þannig að ætla má að félag missi réttinn til að nota „hnappinn“ um leið og félagið fer í fyrsta sinn yfir fyrrgreind viðmiðunarmörk um eignir sem er í mótsögn við það sem segir í umfjölluninni um lagabreytinguna.

Álitsnefnd vill benda á að þrátt fyrir það að í núgildandi lögum segi um „hnappsreikninga“ að slík rekstrar- og efnahagsyfirlit teljist gefa glögga mynd þá má deila um það hvort svo sé í raun og veru. Upplýsingagildi slíkra yfirlita er mjög takmarkað og það væri æskilegt að bæta hnappsreikninga. Álitsnefnd leggur því til að ráðuneytið leggi heildstætt mat á það hvort „hnappsreikningar“ gefi í raun og veru glögga mynd eða hvort ástæða sé til að bæta slík yfirlit þannig að fram komi ítarlegri upplýsingar en nú er raunin.

Skilafrestir

Í greinargerð með frumvarpinu segir að með breytingum á tímamörkum á skilum ársreikninga til ársreikningaskrár sé verið að koma á móts við ábendingar frá atvinnulífinu um að dreifa álagi skila yfir lengri tíma.

Í frumvarpsdrögunum segir: „Í fjórða lagi er um að ræða breytingar er lúta að skilum ársreikninga til opinberrar birtingar. Er verið að leggja til að stærri og kerfislega mikilvæg félög skili ársreikningi fyrr á árinu en minni félög og lengja skilafrestinn fyrir örfélög.“ Þarna segir að ætlunin sé að stytta skilafrest fyrir *stærri og kerfislega mikilvæg* félög. Í lagafrumvarpi þarf að gæta að því að það sé ljóst um hvaða félög er að ræða, þ.e. samræma hugtakanotkun við orðalag laganna. Leiða má líkur að því að með *stærri félögum* sé átt við félög sem flokkast sem *stór félög* samkvæmt lögum og með *kerfislega mikilvægum félögum* sé átt við félög sem teljast *einingar tengdar almannahagsmunum* en það þarf að vera skýrt.

Samkvæmt frumvarpsdrögunum munu öll örfélög, óháð því hvort þau nýti sér „hnappinn“ eða ekki geta nýtt sér þann skilafrest sem ríkisskattstjóri veitir skattaðilum til að skila framtölum sínum. Í því sambandi er rétt að benda á að ríkisskattstjóri getur hvenær sem er stytt þann skilafrest og gerði það reyndar á dögum. Þannig verður skilafrestur örfélaga sem nýta sér „hnappinn“ 21. september nú í ár en ekki til 30. september líkt og verið hefur undanfarin ár.

Að mati álitsnefndar væri æskilegt að tilgreina dagsetningu á skilafresti ársreikninga félaga sem nýta mega sér lengri frest fremur en að vísa til skilafrests sem ríkisskattstjóri veitir og getur breytt (stytt) hvenær sem hann vill. Það er augljóst að það er ekki verið að létta byrðum að neinu marki ef lengri skilafrestur er óverulegur.

Í 6. gr. frumvarpsins segir að skila skuli ársreikningi þegar í stað eftir samþykkt hans en í lokamálsgrein umfjöllunar um 6. gr. í greinargerð með frumvarpinu er rætt um að stjórnendur skuli hafa eðlilegt svigrúm til að skila ársreikningi og nefnt viðmiðið innan viku. Þetta fer ekki saman. Nær væri að segja þá einfaldlega í viðkomandi lagagrein að stjórnendur hafi viku til að skila ársreikningi.

Mörk endurskoðunarskyldunnar

Í frumvarpsdrögunum er lagt til að mörk endurskoðunarskyldu verði hækkuð um 25% líkt og flest önnur stærðarmörk. Endurskoðunarmörkin hafa staðið óbreytt frá því árið 2013 og því er tímabært að þau verði endurmetin. Álitsnefnd telur skynsamlegt að hækka þau nú til samræmis við hækkun á öðrum stærðarmörkum en telur æskilegt að þau yrðu skoðuð að nýju þegar lög um bókhald verða endurskoðuð, þ.á.m. skoðunarmannakerfið, og leggur til að það komi fram í greinargerð að mörkin kunni að breytast að nýju samhliða endurskoðun á lögum um bókhald sem álitsnefnd veit að stendur til að gera á næstunni.

Álitsnefnd vill vekja athygli á skýrslu sem Evrópusamtökin Accountancy Europe gáfu út í janúar 2026 og nefnist „Audit Exemption Thresholds in Europe“ og nálgast má á heimasíðu samtakanna. Eins og nafnið ber með sér eru endurskoðunarmörk þar borin saman milli landa. Á norðurlöndunum eru núgildandi endurskoðunarmörk sem hér segir (fjárhæðir hafa verið umreiknaðar í evrur):

Land	Fjöldi starfsmanna (ársverk)	Tekjur	Eignir
Danmörk*	12	1.072.000	536.000
Danmörk**	50	14.873.000	7.369.000
Finnland	3	200.000	100.000
Noregur	10	597.000	2.305.000
Ísland	50	2.721.000	1.361.000
Svíþjóð	3	271.000	136.000

*Félög í Danmörku sem eru yfir þessum mörkum og að endurskoðunarmörkum mega velja milli ítarlegrar könnunar á ársreikningi (e. extended review) og endurskoðunar.

**Þegar þessum mörkum er náð er skylda að láta endurskoða ársreikninginn.

Við fyrirhugaða breytingu á endurskoðunarmörkum telur álitsnefnd æskilegt að skoðaðar verði ástæður þess að endurskoðunarmörkin eru mun lægri í Svíþjóð, Finnlandi og Noregi en á Íslandi og að fremur lítil félög í Danmörku þurfa að láta kanna ársreikninga sína með ítarlegum hætti (e. extended review) kjósi þau að láta ekki endurskoða ársreikninginn.

Skýrsla með tekjuskattsupplýsingum

Álitsnefnd telur margt óljóst í orðalagi 3. gr. frumvarpsins um nýja grein 66.f. í lögunum. Má hér sem dæmi nefna að óljóst er hvað átt er við með „fjölpjóðleg heildarsamstæða“. Þá er c. liður 3. gr. frumvarpsins óskýr. Af honum virðist mega ráða að ef móðurfélag fellur ekki undir landslög (íslensk lög?) en er samt yfir stærðarmörkum a. liðar greinarinnar þá eigi stór og meðalstór dótturfélög að semja og birta skýrslu um móðurfélagið sitt. Loks vaknar spurning um það hvort ætlast sé til þess að ef móðurfélag er utan EES og því ekki skylt að semja og birta skýrslu með tekjuskattsupplýsingum hvort íslenska félagið eigi þá að semja sjálft skýrslu um móðurfélag sitt. Sama á við um d. lið 3. gr.

Jafnframt má benda á orðalagið „heildar velta á dagsetningu efnahagsreiknings“ er sérstakt orðalag en hér er væntanlega átt við veltu á reikningsári. Í lokamálsgrein 3. gr. segir að ráðherra skuli setja reglugerð um þær upplýsingar sem um getur í greininni og nánari framkvæmd en vandséð er hvernig það er hægt meðan greinin er svo óskýr.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

Unnar Friðrik Pálsson,
Framkvæmdastjóri FLE